

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 482/2014****2017/EES/40/24****frá 4. mars 2014****um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 114/2013 að því er varðar meðaltal sértækrar losunar á koltvísýringi fyrir árið 2010 sem er tilgreint fyrir framleiðandann Great Wall Motor Company Limited (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ⁽¹⁾, einkum 7. mgr. 11. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Great Wall Motor Company Limited, framleiðandi léttra atvinnuökutækja, hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni að meðaltal sértækrar losunar á koltvísýringi fyrir árið 2010, sem er tilgreint fyrir þennan framleiðanda í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 114/2013 ⁽²⁾, sé ekki rétt. Framleiðandinn hefur lagt fram ítarleg gögn sem sýna að meðaltal sértækrar losunar á koltvísýringi fyrir árið 2010 var umtalsvert meiri en gildið sem tilgreint er í fyrrgreindri reglugerð.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur metið gögnin, sem Great Wall Motor Company Limited lagði fram, og telur hún rétt að leiðrétta gildið.
- 3) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) nr. 114/2013 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*Í skránni í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 114/2013 komi „225,00“ í stað færslunnar í öðrum dálki undir fyrirsögninni „Meðaltalslosun (g/km)“ fyrir tegundina *Great Wall*.*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 138, 13.5.2014, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2017 frá 13. júní 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 114/2013 frá 6. nóvember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 að því er varðar reglur um umsókn um undanþágu frá markmiðum um sértæka losun á koltvísýringi að því er varðar ný létt atvinnuökutæki (Stjtið. ESB L 38, 9.2.2013, bls. 1).